

1. SÖLUHEITI EFNIS, NAFN, HEIMILISFANG OG SÍMI INNFLYJTJANDA/SELJANDA

Söluheiti:	Brake plate Lubricant
Notkun efnis:	Smurefni
Vörunúmer:	71-50155
Dreifing og sala:	ORKA ehf, Stórhöfða 37, Reykjavík, Sími: 586 1900 www.bilrudur.is
Framleiðandi:	KENT Distributor and Export Department 36-48 Queen Street, Horsham, West Sussex, RH13 5AD, England
Sími neyðarlínu Lögreglu, Sjúkraliðs og Slökkviliðs:	112
Sími eitrunarmiðstöðvar Landspítala HS:	543 2222

2. HÆTTULÝSING:

Upplýsingar varðandi sérstaka áhættu gagnvart mönnum og umhverfi:

Varan er merkt samkvæmt „General Classification guideline for preparations of the EU“ í síðustu útgáfu. Að auki fylgja henni upplýsingar úr tækniritum og frá framleiðslufyrirtæki.

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

-Eiginleikar efnis

-Lýsing: Efnablanda, innihaldi lýst hér fyrir neðan ásamt hættulausum íblöndunarefnum.

Hættuleg innihaldsefni:		
CAS: 64741-96-4	Distillates (bensín)	50-60%
EINECS: 265-097-6	Solvent-refined heavy naphthenic	

Viðbótarupplýsingar um hættusetningar eru í kafla 16.

4. SKYNDIHLJÁLÞ:

Merki um eitrun geta tekið marga tíma að koma fram, lækni skal þess vegna hafa eftirlit með mönnum minnst 48 tíma eftir slys.

Eftir innöndun: Komið viðkomandi undir bert loft og hafið samband við lækni.

Snerting við húð: Þvoið tafarlaust með vatni og sápu og skolið vel.

Snerting við augu: Fjarlægið snertilinsur. Haldið augnlokum uppi og skolið stöðugt undir rennandi vatni í minnst 10. Mín. Leitið læknaðstoðar.

Inntaka: Framkallið ekki uppköst, leitið tafarlaust læknaðstoðar.

5. ELDSVOÐI: VIÐBRÖGÐ

Slökkviefni – aðferð: Koldíoxíð, froða, vatnsúði.

Eitraðar gufur geta myndast þegar efnið er hitað eða við eldsvoða.

Getur myndað kolmonoxíð og koldíoxíð við bruna

Varúðarbúnaður: Notið súrefnisgrímur og kúta.

6. EFNALEKI

Til varnar starfsmönnum: Notið hlífðarfátnað og annan hlífðarbúnað. Haldið starfsmönnum án hlífðarbúnaðar fjarri. Hafið í huga að efnið gerir gólf mjög hál.

Til varnar umhverfi: Tilkynnið viðkomandi yfirvöldum um hættu á að efnið vætli út í grunnvatn eða niðurföll. Komið í veg fyrir að efnið renni í niðurföll eða út í vatnskerfi.

Uppsöfnun /þrif: : Notið efni sem binda vökva, t.d. sand, sag, kísilgúr eða vikursalla til að hreinsa efnið upp. Setjið í þétt ílát og fargið í samráði við Heilbrigðiseftirlit.

Viðbótarupplýsingar um förgun eru í kafla 13

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun: Tryggið góða loftræstingu á vinnustaðnum.

Upplýsingar sem varða eld- og sprengihættu: Ekki er þörf á sérstökum ráðstöfunum.

Geymsla: Kröfur til geymslustaðar og íláta: Geymið á svölum, þurrum stað í vel lokuðum ílátum. Verjið fyrir hita og beinu sólarljósi.

8. FORVARNIR – HLÍFÐARFATNAÐUR

Viðbótarupplýsingar: Sjá kafla 7.

Hlífðarfátnaður og hlífðartæki:

Almenn varúð og þrif: Þvoið hendur fyrir matarhlé og við lok vinnu.

Geymið ekki nálægt matvælum, drykkjarvörum eða fóðri.

Fjarlægið mengaðan og óhreinan fatnað strax.

Andið ekki að ykkur gufu/úða.

Forðist snertingu og notið hlífðargleraugu.

Forðist snertingu við augu og húð.

Til verndar öndunarfærum: Notið öndunargrímur við slæma loftræstingu.

Hendur: Notið hlífðarhanska sé um síendurtekna snertingu við efnið að ræða. Prófið tegund hanska fyrir notkun (t.d. gagnvart efnaþoli og styrk) og fylgið leiðbeiningum framleiðanda um notkun, geymslu, hirðu og endurnýjun. Endurnýið skemmda eða slitna hanska tafarlaust.

Augu: Notið ávallt hlífðargleraugu ef hætta er á að efnið komist í snertingu við augu. Notið öryggisgleraugu sem falla þétt að.



9. EDLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR.

Almennar upplýsingar:

Form/litur/lykt: Deigkennt, koparlitt, sérkennandi lykt

PH-gildi: Ótilgreint

Bræðslumark: Ótilgreint

Suðumark: Ótilgreint

Blossamark: 154°C

Kveikjumark: Ótilgreint

Hitastig við niðurbrot: Ótilgreint

Sjálfkveikimörk: Efninu er ekki hætt við sjálfsíkveikju.

Sprengihætta: Efnið er ekki sprengifimt.

Þéttni við 20°C: 1.29 g/cm³

Leysni í vatni: Leysist ekki upp í vatni

Leysiefnainnihald:

Lífræn leysiefni: 12 gr/l VOC

10. STÖÐUGLEIKI/HVARFAGIRNI

Niðurbrot við hita / aðstæður sem ber að varast: Ekkert niðurbrot ef efnið er notað í samræmi við leiðbeiningar.

Hættuleg efnahvörf: Bregst við sterkum tærandi efnum.

Hættuleg niðurbrotsefni: Kolmónoxíð og koldíoxíð.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Snerting við húð: Ertir ekki húð.

Næming: Engin næmingaráhrif eru þekkt.

Við augu: Ertir augu

Frekari eiturfræðilegar upplýsingar:

Sé notkun og meðhöndlun í samræmi við leiðbeiningar þá hefur efnið engin skaðleg áhrif samkvæmt okkar bestu vitund og þeim upplýsingum sem við höfum úr að vinna.

12. SKAÐSEMI GAGNVART UMHVERFI

Almennar upplýsingar: Að jafnaði ekki skaðlegt vatni.

13. TIL ATHUGUNAR VIÐ FÖRGUN

Vara:

Má ekki henda með venjulegu heimilissorpi. Látið ekki efnið komast í niðurföll eða ræsi.

Óhreinsaðar umbúðir:

Fargið í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNING – STAÐALL/REGLUR

Engar upplýsingar um flutning eru til staðar.

15. LÖG OG REGLUGERÐIR SEM VARÐA EFNID.

Efnið hefur verið flokkað og merkt samkvæmt gildandi reglum EU.

Flokkur	Hlutfall í %
III	2.5%

Hættuflokkur gagnvart vatni: Að jafnaði ekki hættulegt vatni.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Þessar upplýsingar eru byggðar á núverandi þekkingu okkar. Samt sem áður skal þetta ekki teljast sem ábyrgð á neinum sérstökum eiginleikum vörunnar og skapar engin lagalega bundin samningstengsl.